

Fundargerð 100. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 26. Nóvember 2015, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Lögð var fram breytingartillaga að dagskrá fundarins um að bæta inn lið nr. 6, um Bogatröð 6. Stjórn samþykkti breytingu á dagskrá fundarins.

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Tilboð í fasteignir og kaupsamingar

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kautilboð og kaupsaminga undir þessum lið.

a. Wintermute – bygging 838

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn kautilboð Wintermute Technologies ehf. á byggingu 838 og óskaði eftir heimild stjórnar á að klára málið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

b. Íslenskar fasteignir ehf.

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Íslenskum fasteignum ehf. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram á þeim nótum sem um var rætt.

c. Keilisbraut 762 – HGSkil

Framkvæmdastjóri fór yfir kautilboð í Keilisbraut 762 sem barst frá Leigufasteignum ehf. Stjórn hafnaði tilboðinu.

d. Lindarbraut 636.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð í Lindarbraut 636 frá Karli Mikla ehf. Stjórn hafnaði tilboðinu og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

e. Lindarbraut 639


Framkvæmdastjóri fór yfir kautilboðin í Lindarbraut 639. Borist hafa þrjú tilboð í eignina. Viðræður hafa staðið yfir við hæstbjóðanda. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu og samþykkti tilboð hæstbjóðanda með þeim fyrirvörum og athugasemdum sem gerðar voru á fundinum.

*Handwritten signature and initials:*  
JKK.  
PHB

- f. Lindarbraut 635  
Framkvæmdastjóri fór yfir kauptilboðin í þessa eign. Borist hafa tvö kauptilboð í eignina. Málinu var frestað.
- g. Keilisbraut 745  
Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð í Keilsibraut 745. Stjórn fól framkvæmdasjóra að vinna málið áfram.
- h. Bogatröð 25  
Framkvæmdastjóri fór yfir kaupsamning á Bogatröð 25 við Völundarhús. Stjórn samþykkti samninginn.
- i. Funatröð 3  
Framkvæmdastjóri fór yfir kaupsamning á Funatröð 3 við Sverrir Sverrisson ehf. Stjórn samþykkti samninginn.
3. *Umsýslusamningur Keilis vegna bygginar 744 - HGSkil*  
Framkvæmdastjóri fór yfir umsýslusamning sem ÞK gerði við Keili vegna útleigu íbúða í 744 til flugnema Keilis. Stjórn samþykkti samninginn og veitti viðeigandi umboð.
4. *Lóðarleiguumsókn frá Ásgeiri Gunnarssyni*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn um lóð frá Ásgeiri Gunnarssyni. Málinu var frestað.
5. *Drög að áætlun fyrir árið 2016*  
Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar drög að áætlun fyrir árið 2016. Tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.
6. *Bogatröð 2 – Frumvarp að úthlutunargerð (breyting)*  
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um sögu þessa máls.
7. *Önnur mál*  
Engin önnur mál voru rædd undir þessum lið.

Næsti stjórnarfundur áætluður 17. desember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40



Sigrún Árnadóttir

Fjöla Þunnal Björnsd.